

# MONITOR



FRÍTT  
EINTAK

**TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ**





JÓLAGLEÐIN  
Á WILSON'S.

Allar pizzur  
af matsedli á

**1390**

kr.

RAMBÓ  
kjúklingur, pepperoni,  
sveppir, jalapeno, cheddarostur



581 15 15

wilsons.is





Líkurnar á því að fara tvisvar sinnum **holu** í höggi á einum golfhring eru 1 á móti 8 milljónum.



## IMMO

**Fyrstu sex:** 090585.  
**Uppáhaldsrappari:** J. Cole.  
**Uppáhaldsgrínisti:** Viktor Borge og Kevin Hart.  
**Uppáhaldsjólamynd:** Love Actually.  
**Uppáhaldsuppáhaldsflokkur:** Uppáhaldslíkamsræktaræfing og svarið væri bekkurinn með handlóðum.

**FYLGSTU MED Á MBL.IS Í DAG KL. 19**  
**EN ÞAR VERÐUR MYNDBANDIÐ FRUMSÝNT**

## Myndbandið var ár í vinnslu

Rapparin **Ívar Schram, IMMO**, stendur í ströngu þessa dagana. Í dag gefur hann út myndband við lag sem er að finna á væntanlegri breiðskífu hans.

„Myndbandið var tekið upp í byrjun desember í fyrra í skítakulda úti á Granda í einhverri fiskverksmiðju. Það var ógeðslega kalt þarna og lyktin var ekki góð. Þarna var ég inni í 18 klukkutíma samfleytt að skipta um föt fyrir þetta myndband,“ segir Ívar Schram, eða IMMO eins og hann kallar sig í rappheiminum, en hann frumsýnir í dag myndband við lagið sitt I.M.M.O. „Ég fékk til liðs við mig leikstjóran Loga Hilmarsson og við fengum hugmynd að myndbandinu út frá laginu og út frá því hvernig ég sá lagið myndrænt fyrir mér. Svo þróaði hann hugmyndina lengra með tókumanninum, Hrafni Garðarssyni og manningnum sem sér um alla eftirvinnsluna,“ segir Ívar en sá síðastnefndi heitir Michael Todd og er þekktur í Hollywood-efstirvinnsluheiminum, þar sem hann hefur unnið að myndum á borð við Harry Potter, Salt, Clash of the Titans og Contraband. „Ég var mjög heppinn með mennina sem ég fékk með mér í þetta,“ segir Ívar og skilar um leið þakklæti á félagan sinn Fonetik Simbol sem sá einmitt um pródúseringu lagsins.

Lagið I.M.M.O. verður að finna á plötunni Barcelona sem kemur út 14. desember. „Platan heitir sama nafni og lagið sem ég gaf út í fyrra sem fjallar auðvitað um skelfilegt atvik sem ég lenti í,“ segir Ívar. „En ég er þeim eiginleikum gæddur að geta snúið alvarlegum hlutum yfir í

einhværni húnur og reynt að draga það góða út úr hlutunum. Umfjöllunarefnið í Barcelona-laginu er kannski þungt en lagið sjálft er á léttum nótnum. Á plötunni reyni ég að fjalla um þessa lífsreynslu mína á eins léttum nótnum og ég get.“ I.M.M.O. er engin undantekning á léttleikanum en lagið er byggt upp í kringum brandara sem Ívar heyrði í skíðaferðalagi þegar hann var í 10. bekk í Hagaskóla. „Maður heyrir ótal brandara um ævina en maður gleymir þeim flestum. En brandarinn sem sögukennarinn minn sagði mér er einn af þessum sem eru mér fastir í minni,“ segir Ívar og lætur brandarann að sjálfsgöðu fylgja með.

„Það voru tvær rollur uppi á fjalli og önnur rollan sagði: „Me.“ Hin rollan lítur á hina rolluna og segir: „Heyrðu, þetta er akkúrat það sem ég ætlaði að segja.““

Lagið er áður ótúgfið en Ívar hefur samt verið duglegur við að spila það á tónleikum. „Það er alltaf eins og fólk sé buið að heyrja þetta 100 sinnum,“ segir Ívar ánægður. „Það er smá-dans sem fylgir viðlaginu og það virðist vera mjög auðvelt að læra bæði dansinn og lagið og því er mjög gaman að taka þetta á tónleikum,“ segir Ívar að lokum en áhuga-samir ættu að geta heyrt lagið á útgáfutónleikum hans á Faktory 20. desember.

## MMM

### MONITOR MÆLIR MEÐ...

#### FYRIR JÓLABÖRNIN


Margir eiga sér uppáhalds-jólamynd og geta vart haldið jólin án þess að skella henni í tækið. Þeir



sem halda upp á kvikmyndina **Christmas Vacation** ættu því að geta haldið jólin hátiðleg því á morgun hefja Sambíóin sérstakar jólasýningar á þessari klassísku grínmynd þar sem Chevy Chase fer á kostum í hlutverki Griswold-fjölskylduföðurins en þau lenda í endalausum óhöppum þegar þau ætla að halda upp á hátið ljóss og friðar.

#### FYRIR UMHVERFISVINI

Maður á það til að fá samviskubit yfir póstinum sem maður fær í gegnum lúguna sem maður, liggur við, hendir án þess að skoða. Pósturinn er nú kominn með lausn á vandamálinu því í fyrsta sinn gefst einstaklingum tækifæri til að velja **pappírfría pósthjónustu**. Þá mun allur nafnamerktur pappírspóstur verða skannaður hjá Póstinu og vistaður í rafrænu pósthólfi á netinu á mappan.is/skonnun. Ótrúleg þjónusta.



## Vikan á facebook



#### Ívar Guðmundsson

Í dag eru 20 ár síðan fyrstu sms textaskilaboðin voru send í farsíma! Í dag skapa þau hundraða milljarða tekna fyrir símafyrirtæki um heim allan.

3. desember kl. 8:45



#### Gísli Baldur Gíslason

Þegar ég fékk simtal frá kinvrskku númeri klukkan 7:15 á mánudagsmorgni, svaraði og hlustaði á þögnina hinum megin áður en skellt var á mig, andartaki síðar. Já, það er sennilega dularfyllsta moment lífs míns.

3. desember kl. 7:24



#### Sigrún Bender

Hvernig getur maður verið svona svakalega óheppinn að lenda í því að tölvan hjá manni hrynji sólahring áður en maður fer í fyrsta jólaprófið sitt :(

2. desember kl. 21:46



#### Bubbi Morthens

Ég var að fatta það áðan ég mun spila og singja svo leingi sem ég verð fær að klöngrast uppá svið. Ég sem sing og spila til þess að lifa.

2. desember kl. 20:36



#### Atli Fannar Bjarkason

Samskipti á Ellefunni (neðri hæð. Við barinn) aðfaranótt sunnudags: Stelpa: Þú ert ekki eins feitur og í Fréttablaðinu. Atli: Takk.

2. desember kl. 18:43

## FEITAST I BLAÐINU

**4 Gunnar Hansson** fór til Búrkína Fasó og kynnti sér starfsemi UNICEF þar í landi.



**11 Geir Ólafsson** segist vera mikið jólabarn og að jólin séu yndislegur tími.



**16 Júlíanna Ósk Hafberg** hefur verið að sauma alveg frá því hún var 6 ára.



**21 Freyr Arnason** fer aftur til fortíðar og athugar hvort allt hafi verið frábært í denn.



## Efst í huga Monitor

# Gerum góðverk

Á morgun er Dagur rauða nefnsins en hann nær hámarki í metnaðarfullum söfnunar- og skemmtiþætti sem verður í opinni dagskrá á Stöð 2 um kvöldið. Vissulega er þátturinn gerður til að skemmta landanum en meginmarkmiðið er að bjóða Íslendingum að gerast heimsforeldrar og styðja þar með í hverjum mánuði hjálparstarf UNICEF í þágu barna um allan heim.

Í Monitor í dag má einmitt lesa athyglisvert viðtal við Gunnar Hansson, leikara sem fór til Búrkína Fasó í Vestur-Afríku en mikil hungursneyð ríkir í landinu. Frásögn hans er áhrifarík þó vafalítið hafi það meiri áhrif á mann að upplifa örbirgðina með eigin augum líkt og Gunnar gerði. Hann bendir einmitt á þá staðreynd að besti árangurinn náist í starfi UNICEF þegar styrkirnir berast reglulega og í langan tíma í senn því þá er hægt að gera langtímaáætlanir. Það er því upplagt fyrir alla



þá sem mega sjá af nokkrum krónum í mánuði hverjum að leggja þessu góða málefni lið. Framlögnum er svo ráðstafað eftir því hvar þörfin er mest hverju sinni.

Sem dæmi um þau verkefni sem UNICEF sinnir er að útvega hreint drykkjarvatn, sinna bólusetningu og heilsugæslu og tryggja börnum vernd og menntun.

Það er ótrúlegt til þess að hugsa oft og tíðum hvað við höfum það rosalega gott hér á Íslandinu. Auðvitað er ástandið misjafnt hér eins og annars staðar en flest okkar eru í góðum málum og við getum bara kvartað yfir vondu veðri eða lélegum mat í mótuneytinu. Það er því upplagt í þessum mánuði ljóss og friðar að hugsa til allra þeirra sem eiga um sárt að binda úti í hinum stóra heimi.

Það er upplagt að hugsa hvað maður geti gert til að verða að liði því hvert góðverk skiptir máli.

Hljýjar kveðjur, Jón Ragnar

**MONITOR@MONITOR.IS Ritstjóri:** Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) **Framleiðslustjóri:** Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is) **Blaðamenn:** Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is) Lís Hafliðadóttir (lisa@monitor.is) **Umbrot:** Monitorstaðir **Auglýsingar:** Auglýsingadeild Árvakurs (augl@mbl.is) **Forsíða:** Styrmir Kári (styrmirkari@mbl.is) **Myndvinnsla:** Ingólfur Guðmundsson **Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569 1136



# Við getum lagað þetta

Leikarinn **Gunnar Hansson** fór fyrr á þessu ári til Búrkína Fasó þar sem hann fékk að kynna því starfi sem UNICEF stendur fyrir. Hann segir **Monitor** frá upplifun sinni og áhrifunum sem ferðalagið hafði á hann.

**Þú fórst til eins fátækasta ríkis veraldar, Búrkína Fasó. Hvernig var upplifunin?**

Þetta var algjörlega magnað. Til dæmis þá flugum við inn í landið á miðnætti í svartamyrkri og það var eins og maður sæi landamærin þegar ljósin hættu af því að það er eiginlega ekkert rafmagn úti á landi. Svo kom eitt og eitt ljós svona við og við þangað til við komum að höfuðborginni. Þarna ertu, allt í einu, kominn á stað þar sem er að gríðarlega miklu leyti ekkert rennandi vatn, ekkert rafmagn og engin klósett sumstaðar, svona hlutir sem við lítum á sem sjálfsgöða hluti.

**Þú fórst út til að skoða verkefni sem UNICEF er að vinna að, ekki satt?**

Jú, við vorum fyrst og fremst að skoða þessi UNICEF-verkefni þar sem UNICEF er að hjálpa til en UNICEF er alltaf að hjálpa börnum. Það var uppskerubrestur í fyrra í Búrkína Fasó og þau eru mikið að súpa seyðið af því í dag. Þetta byrjar í raun alltaf hjá börnunum, það er að segja, maður sér mest hungursneyðina hjá þeim, þau fara verst út úr henni. Þannig að ég sá þarna á mjög áþreifanlegan hátt hvernig UNICEF virkar. Þau búa til svona net sem dreifist út um allt landið, frá stóru spítölunum út í heilsugæslu í hverju einasta litla þorp því rosalega stór hluti íbúa landsins býr í litlum þorpum úti á landi sem eru bara eins og út úr Tarzan-blaði. Þau eru alls ekki eins og dagurinn í dag, það er meira eins og maður sé kominn 200 ár aftur í tímann. Ef eitthvert barn veikist þá eru sjálfbóðaliðar, sem eru búnir að kynna fjölskyldunum, sem átta sig



Þarna ertu, allt í einu, kominn á stað þar sem er nánast ekkert rennandi vatn, ekkert rafmagn og engin klósett sumstaðar

á því og þeir meta ástandið hverju sinni. Þeir ákveða hvort barnið þurfi að fara rակleidis á sjúkrahús eða hvort það sé nóg að senda börnin á heilsugæslu þar sem þau fá poka með hnetusmjöri sem inniheldur bætiefni. Slíkir pokar kosta bara 50 krónur en gera kraftaverk því börnin ná heilsu ótrúlega skjótt.

**Þú sást líka börn með malaríu.**



Já, ég áttaði mig á því að hættulegasta dýrið í Afríku er moskító-fluga en ekki ljón eða eitthvað svoleiðis. Við vorum alltaf með malaríu-lyf sjálf en ég var allur bitinn í hakk og maður verður að sofa undir moskító-neti á nóttunni. UNICEF berst fyrir forvörnum með netum úti um allt og fræðslu og ef börn sýkjast þá taka þau á því og þá þurfa þau líklegast að fara á spítalann stóra.

Mér féllust bara hendur þegar ég sá börn sem voru gríðarlega veik en þau hjá UNICEF fullvissuðu mig um það að ef börnin væru komin í réttar hendur þá myndu þau ná heilsu. Þess vegna er þetta net UNICEF svo mikilvægt til að grípa þessi tilfelli og koma þeim á réttan stað.

**Svo fórst þú líka í eins konar barnaþrælkunargullnámu, ekki**

**satt?**

Jú, satt er það. Það er gullæði í Búrkína Fasó í raun og veru af því að það er eins og þeir séu að upp-götva gullið núna því það spretta upp gullnámur eins og gorkúlur úti um allt. Mjög víða má finna göt ofan í jörðina sem eru kannski metri sinnum metri og þau fara 30 til 50 metra beint ofan í jörðina og svo eru alls konar völundarhús niðri



**TAL****TAL JÓL 2012**

# GLEÐILEGA HÁTÍÐ OG FARSÆLT KOMANDI TAL

JÓLIN ERU TÍMI ÁSTAR, HLÝJU OG ÁHYGGJULEYSIS. ÞÁ ER GOTT AÐ GETA FERÐAST UM ALNETIÐ Í SPARIFÖTUNUM ÁN ÞESS AÐ HAFA ÁHYGGJUR AF NOTKUNINNI. ÞESS VEGNA ER GOTT AÐ VITA AF ÞVÍ AÐ MEÐ HVERJUM SNJALLSÍMA SEM KEYPTUR ER HJÁ TALI FYLGIR **10 GB NOTKUN Á MÁNUÐI Í HEILT ÁR.\***

**KÍKTU Í NÆSTU VERSLUN TALS OG NÝTTU ÞÉR HUGHEILT JÓLAVERÐ.**

**iPHONE 5** 16 GB  
**9.790 KR. Á MÁN.  
VAXTALAUST Í 18 MÁN.\***

10 GB Á MÁNUÐI FYLGJA ÞESSUM SÍMA, 120 GB Á ÁRI  
STAÐGREIÐSLUVERÐ 159.990 KR.

\* m.v. kortalán Valitors

**iPHONE 4** 8 GB  
**4.690 KR. Á MÁN.  
VAXTALAUST Í 18 MÁN.\***

10 GB Á MÁNUÐI FYLGJA ÞESSUM SÍMA, 120 GB Á ÁRI  
STAÐGREIÐSLUVERÐ 74.900 KR.

\* m.v. kortalán Valitors

**iPHONE 4S** 16 GB  
**6.890 KR. Á MÁN.  
VAXTALAUST Í 18 MÁN.\***

10 GB Á MÁNUÐI FYLGJA ÞESSUM SÍMA, 120 GB Á ÁRI  
STAÐGREIÐSLUVERÐ 110.900 KR.

\* m.v. kortalán Valitors



**SVONA Á SAMBAND AÐ VERA**


VERSLANIR | KRINGLAN | SMÁRALIND | GLERÁRTORG | WWW.TAL.IS

\*Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkortu + 320 kr./mán. greiðslugjald.  
10 GB á mánuði í heilt ár fylgir með GSM símu í áskrift eða frelsi hjá Tali.

Birt með fyrirvara um verðbreytingar og prentvillur.

# 10 GB





SALISA ER 15 ÁRA OG HEFUR  
BÚID AÐ GÖTUNNI Í MÖRG ÁR



í göngum. Þarna eru mjög ungir krakkar sem vinna allan daginn, sjö daga vikunnar. Svo koma dagar þar sem er 40 stiga hiti uppi og niðri er kannski 50 stiga hiti. Það er líka svakalegur raki niðri því þeir koma niður í vatn mjög fljótlega svo þetta eru algjörlega ömurlegar aðstæður. Það eru samtök hjá UNICEF sem eru að fá börnin út úr þessum aðstæðum og eru að reyna að fá þau inn í skóla. Og það er náttúrulega eitt sem UNICEF berst fyrir, að mennta börnin því menntunin mun breyta þessu öllu saman. Það er grundvöllurinn.

#### Þú hittir börn sem þrá það að komast í skóla.

Já, við hittum götubörn í höfuðborginni. Mörgþúsund börn búa bókstaflega á götunni án foreldra. Við kynntumst þeim nokkrum og það tók nokkurn tíma en þegar við vorum komin inn undir skelina hjá þeim þá eru þetta bara venjuleg börn sem vilja hlæja og hafa það gott. Stelpa sem er nú ára og við vorum með í heilan dag, hún er alltaf með skólatösku á bakinu, með skóladóti í. Hún var búin að kenna sér sjálf að skrifa og var að sýna okkur það alveg ofboðslega stolt. En hún hefur, hingað til, ekki getað verið í skóla því hún er það fátæk en sem betur fer voru UNICEF að grípa hana og hún er því á leið í skóla. Og þá hugsar maður um börnin sín sem nenna ekkert endilega alltaf í skólann. Svo er þarna lítil stúlka sem dreymir um ekkert meira en að komast í skóla því hún áttar sig örugglega á því að það er það sem mun breyta lífi hennar.

#### En mörg barnanna eru bara fædd inn í heim þar sem skóli er ekki inni í myndinni, ekki satt?

Jú, mikið rétt. Við fórum til dæmis í granítámmur sem eru námur inni í miðri borginni. Þetta voru eins og þrælubúðir hjá vonda karlinum í James-Bond mynd. Þar vinna allt niður í sjö ára börn og fólkið sem vinnur í þessum námum setur ekki börn sín í leikskóla heldur mæta þeir með börnin sín í vinnuna. Þarna eru því allt niður í ungarbörn mætt með foreldrum sínum við alveg rosalega aðstæður. Við kynntumst þarna 8 ára stelpu sem vinnur alla daga vikunnar og hún fær 63 krónur á dag. Hún hefur verið alin upp þarna frá því að hún fæddist. Þetta er algjörlega klinkað að sjá. Þarna hugsaði ég mjög mikið til barnanna minna, ég var alltaf að spegla sjálfan mig og börnin mín við þessar aðstæður.

#### Hvernig áhrif hefur svona upplifun á þig?

Það hafði áhrif á mig að átta mig á því hvað við getum gert mikið, í rauninni. Líka það að ekkert barn á að líða fyrir það hvar það fæðist. Börn eru nákvæmlega eins hvar sem er. Við vorum að leika okkur við pínulítill kríli sem hefðu alveg eins getað verið lítill börn hér. Þetta kristallast svo í þeim því þau bara

## Við Íslendingar verðum að átta okkur á því að það er ekkert sérstaklega langt síðan við vorum í svipaðri stöðu

fæðast inn í þetta, alveg eins og börnin okkar fæðast hér. Munurinn er ótrúlega mikill en hann þarf ekki að vera svona mikill. Ég var svolítið kvíðinn og hræddur um að ég myndi bara brotna saman. Vissulega fór sumt bara beint inn í hjartað á manni og þetta hefur haft gríðarleg áhrif á mig en aðallega hef ég tekið út úr þessari ferð baráttuhug og að vilja gera meira. Ég sá að með því að gera meira þá getum við lagað þetta. Við getum snúið þessu við. Við Íslendingar þurfum að átta okkur á því að það er ekkert sérstaklega langt síðan við vorum í svipaðri stöðu. Ef við förum bara aftur til ársins 1900 eða í kringum þau aldarmót þá var ekki mjög gott ástand hér. Þá var barnadauði mikill og í raun meiri en hann er nokkurs staðar í heiminum í dag, prósentulega, en á stuttum tíma komumst við á góðan stað og erum alltaf að komast lengra og lengra. svo þetta sýnir manni að þetta er auðveldlega hægt á mjög stuttum tíma.

#### Hvernig getum við haft áhrif og betrubætt þennan heim sem þú upplifðir?

Snilldín við UNICEF er að þau eru stærstu hjálparstærstök í heiminum. Þau eru í 190 löndum og eru búin að koma upp sterku neti. Ef það koma náttúruhamfarir, uppskerubrestur eða ófriður þá eru þau fyrst á staðinn og þau hjálpa börnunum því þau eru fórnarlömbin fyrst. UNICEF getur verið fljótt að bregðast við og það skiptir svo miklu máli að það séu föst framlög eins og eru hjá heimsoforeldrum. Hér á Íslandi er ótrúlegur fjöldi fólks sem borgar fastar upphæðir á mánuði, upphæðir sem eru ekkert sérstaklega mikið að snerta okkur, 1000, 2000, 3000-kall getur breytt öllu. Ef fólk borgar jafnar greiðslur mánaðarlega, ár eftir ár, þá er hægt að gera langtímaplön og það er það sem breytir þessu. Auðvitað er allur peningur sem er gefinn frábær en mjög oft kemur inn mikill peningur í stuttan tíma en hættir svo og þá fellur allt í sama farið. Ég varð virkilega var við það þarna að það sem breytir þessu er langtímaplanið og að ná að vinna þetta almennilega niður, ekki bara setja plástur á sárið. Við getum mjög auðveldlega hjálpað með þessu. Ég trúi því að allt það litla góða sem við gerum í lífinu það gerir heiminn betri. Ef

allir myndu ákveða að gera einn eða tvo hluti á dag til að hjálpa öðrum, hvort sem er nágrannanum eða börnum í Afríku, þá verða engin vandamál lengur. Ég held líka að ef allir myndu fara til Afríku einhvern tímann á ævinni þá væri þetta vandamál ekki lengur til. Ef fólk sér þetta með eigin augum og áttar sig á ástandinu þá myndi þetta breytast. Það sem er grátlegast við þetta allt er að það er ekkert dýrt að hjálpa börnunum sem eru að deyja og það er hægt að hjálpa þeim langflestum á mjög einfaldan hátt.

#### Heldur þú að þú munir halda aftur í svipað ferðalag?

Ég vona það, já, ég í raun efast ekki um það. Mig langar helst að fara með börnin mín í svona ferðalag. Það yrði geggjað að kynna þeim heiminn. Það sem ég tók út úr þessari ferð er að mig langar bara að gera meira og meira til að leggja mitt af mörkum. Mér finnst ég varla geta notað tímann minn betur en akkúrat í þetta. Þetta er fallett og gott fólk sem er mjög áhugasamt um okkur og okkar menningu. Ég viðurkenni að svona mikill hiti á ekkert sérstaklega vel við mig. Ég blandaðist ekkert sérstaklega vel inn í hópinn með minn bláhvíta lit en mér leið samt ekki eins og einhverjum utanaðkomandi. Við búum í þannig fjarlægð að við sjáum þetta í sjónvarpinu og í blaðinu en sjáum samt bara brotabrot af því sem er í gangi. Auðvitað snertir þetta mann alltaf og maður tekur þetta inn í hjartað en svo bara flettir maður á íþróttasíðurnar. En maður þarf að átta sig á því að maður getur gert ýmislegt til að bæta heim þessa fólks.



VINUR GUNNARS, FRÍ  
MANN, VAR MED Í FÖR



ÞESSI STÚLKA VAR ALVARLEGA VAN-  
NÆRÐ EN KOMIN Í RÉTTAR HENDUR





Info T. 354 5115500



**DIESEL®**  
FOR SUCCESSFUL LIVING



diesel.com









## Jólin eru komin hjá Vodafone



Ellefu grunnskólabörn frá Drangsnesi og einn hugmyndaáttur kennari komu með jólin til okkar. Sjáðu undirbúninginn og náðu í lagið á [vodafone.is](http://vodafone.is)

**Þín ánægja er okkar markmið**



Náðu í lagið  
í fullri lengd.



Sjáðu myndband  
frá undirbúningnum.



WRIGLEY'S  
**Extra**



Fyrirsæta: Elin Metta Jensen nemandi í MR

# TYGGÐU EXTRA

## EFTIR HVERJA MÁLTÍÐ



Tannlæknafélag Íslands mælir  
með notkun xylitols sem  
aðalsætufrnis í tyggigúmmí

Rannsóknir sýna að notkun sykurlauss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeyninga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.



# Stórt skref fyrir mig *en lítið fyrir mannkynið*

**Geir Ólafsson** sendir nú frá sér sína fimmtu sólóplötu sem jafnframt er afrakstur samstarfs hans við hinn nafntogaða Don Randi.

**Monitor** ræddi við söngvarann um útgáfuna, fómimar fyrir tónlistina og Frank Sinatra-viðlíkinguna.





# E

ger svo heppinn að ég hef alveg frá byrjun fengið að vinna með svo frábærum hljóðfæraleikum, bara þeim bestu sem hægt er að vinna með hérna heima," segir söngvarinn og skemmtikrafturinn Geir Ólafsson. Fyrsta sólóplata Geirs kom út fyrir rúmum áratug og hefur hann í kjölfarið troðið reglulega upp vítt og dreift um bæinn svo eftir því sé tekið. Slíkar upptroðslur hafa þó ekki takmarkast við innlendan markað. „Ég hef komið fram á hundruðum tónleika í Reykjavík og úti um allt land og svo hef ég komið fram á yfir 40 tónleikum í Hollywood auk einna tónleika í Las Vegas. Þetta hefur auðvitað allt skapað mér gífurlega reynslu," bætir Geir við. Nú stendur hann í útgáfu fimmtu sólóplötunnar og jafnframt þeirri fyrstu sem stefnt er á að gefa út á bandarískum markaði.

**Bládamáður Monitor settist niður með hinum jákvæða Geir Ólafsson og ræddi við hann um nýju plötuna, titilinn „Sinatra Íslands“, júdó, Bandaríkjamálin og allt þar á milli.**

**Texti:** Einar Lövdahl  
**Myndir:** Styrmir Kári

einar@monitor.is  
styrmirkari@mbl.is

**Þú varst að senda frá þér þína fimmtu sólóbreiðskífu, I'm Talking About You. Hvernig plata er þetta?**

Það má kannski segja að þessi plata sé svolítið blönduð, hún inniheldur allt frá poppi yfir í „svingið“. Platan er samvinnuverkefni okkar Dons Randi, sem ég hef unnið mikið með á undanförmum árum bæði hér heima og erlendis. Ef allt gengur upp fer platan á Ameríkumarkað eftir áramót og því má kannski segja að með þessu fjölbreytta lagavali sé dálítið verið að kynna mig sem söngvara, það er að segja, þarna syng ég marga mismunandi stíla en þó alltaf með þessu „big band-ívaði“. Ég er mjög stoltur af þessari plötu.

**Eins og þú segir eru nokkur poppaðri lög á plötunni svo sem lag með Michael Jackson, lagið Beat It. Hvernig kom það til?**

Það var hugmynd Dons Randi. Hann er vel með á nótunum varðandi hvað menn í þessum bransa eru að spá og svona, enda verið víðriðinn þetta allt saman mjög lengi. Þegar við ákváðum að gera þessa plötu fannst honum tilvalið að gera eitthvað sem enginn annar hafði gert og ein slík hugmynd var að taka Michael Jackson-lag og gera það með stórsveit á þann hátt sem ég er að gera. Auðvitað erum við með þessu að renna dálítið blint í sjóinn því maður veit aldrei hvernig viðbrögðin við svona löguðu verða en aðalatriðið var að gera þetta þannig að þetta væri öðruvísi. Auðvitað er ég ekki að reyna að stæla eða einfalla Michael Jackson heldur vildi ég einfaldlega reyna að gera þetta að mínu.

**Plöturnar þínar hingað til hafa fyrst og fremst innihaldið tölulög. Semur þú þína eigin tónlist?**

Já, ég geri það. Eins og staðan er í dag er ég aðallega með hjartað við þessi tölulög og þessa „standarða“ því það eru nú ekki margir í heiminum að gera þetta, nema kannski menn eins og Michael Bublé. Ég vil sinna því þangað til ég tel tímabært að koma með mitt eigið efni, en þetta er orðinn þokkalegur fjöldi laga sem ég hef samið.

**Hefur verið tónlist í þér frá því að þú manst eftir þér?**

Ég ólst uppi í Fellunum í Breiðholti og ég á mjög góðar minningar þaðan. Þaðir minn er hljóðfæraleikari þannig að ég myndi segja að tónlistin hafi verið hluti af umhverfinu mínu alveg frá byrjun. Ég er mjög þakklátur fyrir það og ég smitaðist mjög snemma af bakteríunni.

**Hvenær byrjaðir þú að koma fram?**

Ég var byrjaður í hljómsveitum með skólafélögnum strax sjö eða átta ára gamall. Við vorum með æfinga-aðstöðu í Fellahelli og æfðum alltaf einu sinni í viku, á laugardögum. Á þessum tíma lifði maður alveg fyrir laugardagana, maður gaf sér lítinn tíma til að læra heima einfaldlega af því maður hlakkaði svo til þess að fara á æfingu með félögnum. Þá var ég í hlutverki trommara, það er mitt aðalhljóðfæri.

**Hvað varð til þess að íslenskur strákur fæddur árið 1973 fékk þennan mikla áhuga á „big band“-tónlist?**

Þessi tegund tónlistar var mikið spiluð á heimilinu hjá mér og einhverja hluta vegna drakk maður þetta í sig og fór að fíla þetta. Þegar ég var átta ára eignaðist ég plötu með Viðari Alfressyni sem var einn okkar besta trompetleikari fyrr og síðar. Með honum voru menn eins og Árni Scheving heitinn, Guðmundur Steingrímsson og Karl Möller og það er dálítið gaman að segja frá því að tólf árum seinna var ég farinn að vinna með þessum

## Það er ekkert mikilvægara í lífinu þínu en heilsan þín og fjölskyldan þín. Allt annað er bara bónus og afþreying.

mönnum sjálfur. Ég veit ekki hvort það sé hægt að kalla þetta tilviljanakennt, mér finnst einhverjum veginn eins og svona hafi þetta átt að vera.

**Upplifir þú þetta allt saman sem einhvers konar örlög eða að það sé köllun þín að vera söngvari og skemmtikraftur?**

Já, alveg eins. Ég ætla nú ekki að fara beint út í einhverja sálma sem ég get ekki staðið fyrir en auðvitað hefur maður ýmislegt á tilfinningunni, svo er annað mál hversu mikið maður tjáir sig um það. Ég trúi því að minnsta kosti að hver einasti einstaklingur sé hér á jörðinni af ástæðu og að allir hafi ákveðið verk að vinna. Þess vegna legg ég mikið upp úr því að sýna bróðurkærleik. Ég tel að við séum hér til þess að læra hvert af öðru, hjálpast að og vera til staðar fyrir þá sem minna mega sín. Af hverju misskiptingin er eins og hún er í heiminum í dag get ég svo sem ekki svarað, en ég trúi því að mannkynið geti breytt því.

**Þegar ég sá þig fyrst koma fram sem tónlistarmaður varst þú kynntur á svið sem „hinn íslenski Frank Sinatra“ auk þess sem fyrsta platan þín heitir Á minn hátt, sem er þýðing á einu frægasta lagi Sinatra. Er þetta viðlíking sem þú hefur tekið fagnandi?**

Þegar einhver stígur fram með einhverja tónlist þá er alltaf dálítið ríkt í fólki að fara að líkja viðkomandi við einhvern sem hefur verið stór innan sömu tónlistarstefnu. Ég held að við þurfum að hætta að hugsa svona. Flest tónlist sem fólk hlustar á er ekkert ný undir sólinni, það er búið að spila alla þessa hljómaganga áður og þessar melódíur. Þetta er í raun fyrst og fremst spurning um hvernig þetta er lagt upp. Það sem ég er að reyna að gera í minni tónlist er að koma mínu „sandi“ inn í þekkt lög.

Kannski má segja að af því að ég er að hasla mér völl í tónlistarstefnu sem fáir aðrir eru að fást við, þá hefur fólk sterkari skoðanir á því heldur en mörgu öðru. Auðvitað hef ég aldrei verið að reyna að bókstaflega negla Frank Sinatra. Ég ber ómælda virðingu fyrir honum sem söngvara, enda engin ástæða til annars, en ég hef til dæmis aldrei nokkurn tímann kallað sjálfan mig „hinn íslenska Sinatra“ og myndi aldrei gera það. Ég heiti Geir Ólafsson, kem fram undir því nafni og er bara stoltur af því.

**Án þess að ætla að halda þessari viðlíkingu eitthvað frekar á lofti, má þá samt ekki segja að „My Way“ eigi ágætlega við þinn tónlistarferil? Þú hefur af og til mætt mótlæti en komist áfram á þinn eigin hátt?**

Ég er þakklátur öllum gagnrýnendum mínum en ef ég væri of upptekinn af því sem þeir hafa sagt um mig eða hvað fólk úti í bæ finnst um mig og færi að lifa eftir því, þá væri ég að móðga allan þann fjölda sem hefur staðið við bakið á mér þegar ég hef verið ég sjálfur. Þegar einhver kemur og gagnrýnir mig, þá hefur það engu að síður ákveðið virði fyrir mig að því leyttinu til að þá hefur sá

að minnsta kosti verið að skoða það sem ég hef gert.

Aðalatriðið er að vera þakklátur fyrir það góða sem maður fær í lífinu. Það er ekkert mikilvægara í lífinu þínu en heilsan þín og fjölskyldan þín. Allt annað er bara bónus og afþreying. Ég fer langt á þessu þakklæti og ýti því neikvæða frá mér.

**Fyrr á árinu gekk Bubbi Morthens fram og birti gífurlega jákvæðan pistil þar sem hann fór mjög fögrum orðum um þig. Var það þér mikils virði?**

Ég hef hitt Bubba Morthens eftir að hann birti þessa grein og ég þakkaði honum fyrir þessi skrif. Mér þótti þetta virkilega fallett af honum og ég tel að það hafi gefið mér byr undir báða vængi. Auðvitað var gaman að fá svona „pepp“ frá einum virtasta og vinsælasta tónlistarmanni þjóðarinnar, ekki síst í ljósi allrar reynslunnar sem hann býr yfir. Hann hefur sjálfur sungið með Stórsveit Reykjavíkur og veit alveg hvað þetta er mikil vinna. Ég ber mikla virðingu fyrir Bubba Morthens og óska honum og hans fjölskyldu Guðs blessunar og bjartar framtíðar.

**Ef þú værir ekki að fást við tónlist, vð hvað fengist þú þá?**

Ætli ég væri þá ekki líklega orðinn fjölskylduafarir og væri í einhvers konar vinnu frá níu til fimm. Ég hugsa að fjölskylduhagur mínir hefðu að minnsta kosti orðið öðruvísi en þeir eru í dag því ég hef fórnað mörgu góðu fyrir tónlistina.

**Hefur þú sem sagt fórnað tækifærinu um að stofna til fjölskyldu?**

Já, að mörgu leyti og ég er ekki alltaf ánægður með það. Þegar maður lítur til baka er kannski margt sem maður hefði átt að gera betur en það er bara liðin tíð og aðalatriðið er að þar liggja engin særindi, fólk lifir í sátt og samlyndi. Maður þarf alltaf að vera tilbúinn að líta í eigin barm og viðurkenna bresti sína og verður meiri maður fyrir vikið.

**Hefur þú alla tíð haft fulla atvinnu af þessu?**

Þetta hefur verið með herkjum en ég hef náttúrulega verið í námi með þessu. Ég er ekki ríkur maður, nema bara í anda og hjarta.

**Þú talar um tónleikahald í Bandaríkjunum auk þess sem þú nefndir að nýja platan kæmi vonandi út á þarlandum markaði á nýju ári. Hvað er að frétta af Bandaríkjamálinum einmitt núna?**

Staðan í dag er þannig að platan er komin í hendurnar á Don Randi. Hann er með þessi mál úti í vinnslu, hann er vel tengdur og það er ómetanlegt fyrir mig að fá að vera með honum í samstarfsverkefni. Ég veit að menn eins og David Foster og Quincy Jones eru búnir að fá diskinn en auðvitað veit maður aldrei hvað verður, í fyrsta lagi má ég bara vera þakklátur fyrir að þessi diskur skuli nú vera kominn út. Ég segi alltaf til gamans: Þetta er stórt skref fyrir mig en lítið fyrir mannkynið. Tíminn verður bara að leiða framhaldið í ljós en ég er ofboðslega þakklátur fyrir það sem ég hef fengið að gera til þessa.

**Það mætti segja að þú hafir verið tíður gestur í hinum ýmsu fjölmiðlum í gegnum tíðina, eins og kannski fylgir skemmtanabransanum. Ert þú einhverjum tímum stimplaður athyglissjúkur?**

Það hljóta allir listamenn að þurfa á ákveðinni athygli að halda en grundvallaratriðið er þá líklega að sú athygli sé af hinu góða. Ég myndi ekki vilja hljóta athygli fyrir eitthvað missgott. Þó svo að ég hafi í gegnum tíðina verið í fjölmiðlum og svona þá hefur það ekkert með athyglissýki að gera. Ég hef verið að kynna eitthvað og koma einhverju áleiðis. Að öðru leyti hef ég mig ekki mikið í frammí, ég fer til dæmis ekki mikið á skemmtistaði, reyki ekki né drekk. Ég vil frekar vera heima hjá mér í faðmi fjölskyldunnar. Þegar ég fæ hins vegar tækifæri til að koma fram þá legg ég mig fram við að vera sjálfum mér og Guði til dýrðar og geta skemmt fólki, því ég lit mig á mig sem skemmtikraft ásamt því að vera söngvari.

**Hver er eftirminnilegasta upptroðsla þín til þessa?**

Mér fannst mjög merkileg upplifun að syngja Hamraborgina í Eldborgarsal Hörpu. Hamraborgin er nú eitt-hvert erfðasta lag sem óperusöngvari getur sungið því það fer mjög hátt og þú þarft að beita ákveðinni tækni til að geta farið í gegnum lagið án þess að það hljómi hallærislega. Það var í fyrsta skipti sem ég fann fyrir dálitlum ótta því ég var í beinni útsendingu. Ég var hins vegar með gott fólk á bak við mig, Kristján Jóhannsson peppaði mig til dæmis mjög vel upp í verkefnið svo ég fór að lokum óhræddur inn í það. Þetta tókst ágætlega, ég læt aðra dæma um hvað þeim fannst en ég hef að minnsta kosti ekki orðið var við neina hræðilega dóma. Að mínu mati stendur þetta upp úr því þetta var frumraun mín opinberlega á þessu sviði tónlistar og það var ekki amalegt að fá að gera það í sal sem þessum (hlær).

## Maður þarf alltaf að vera tilbúinn að líta í eigin barm og viðurkenna bresti sína og verður meiri maður fyrir vikið.

**Þú nefnir að júdó sé þín helsta líkamsrækt.**

Já, júdó er að mínu mati einhver merkilegasta íþrótt sem til er vegna þess að það er svo mikil virðing í kringum hana. Hún gengur í raun út á að þú getur yfirbugað mann án þess að meidda hann. Þetta styrkir þig auðvitað líkamlega en ekki síður andlega því þetta er mikil agaíþrótt. Í júdóinu kemstu ekkert upp með það að vera óheiðarlegur eða að haga þér eins og bjáni úti í bæ. Ef þú leggur hendur á fólk einhvers staðar og ætlar síðan að mæta á júdóæfingu er þér bara vísað frá.

Ég er sjálfur að berjast við mikla kvíðaröskun og það hefur minnkað töluvert eftir að ég byrjaði að stunda júdó. Það eru líka forréttindi að fá að læra íþrótt sem maður hefur gaman af frá manni eins og Bjarna Friðrikssyni, sem eins og allir vita er fremsti júdókappi sem við Íslendingar höfum átt.





## Síðasta sem ég...

**Síðasta borg sem ég heimsótti fyrir utan landsteinana:** Það var Bogota í Kólumbíu. Ég fór þangað að hitta vini mína en þetta var jafnframt fyrsta skipti sem ég kom til Suður-Ameríku.



**Síðasti veitingastaður sem ég borðaði á:** Ég fékk mér humarsúpu á Humarhúsinu. Ég var mjög sáttur með hana.



**Síðasti hlutur sem ég keypti mér:** Ég keypti mér Egils Kristal rétt áðan.



**Síðasta bíómynd sem ég horfði á:** Það var Santa Baby, hún var mjög fin.



**Síðasta húsverk sem ég innti af hendi:** Ég setti í uppbottavél í gær.



**Síðasta skipti sem ég sagði einhverjum að mér þætti vænt um hann:** Ég er alltaf að því, ég geri það á hverjum degi. Síðast sagði ég það við móður mína, bara rétt áðan.





**Hvernig dast þú inn í íþróttina?**

Ég byrjaði að æfa júdó þegar ég var yngri en hætti reyndar. Síðan byrjaði ég bara aftur fyrir einu og hálfu ári, eftir að ég lenti í smá-uppákomu þegar ég var að skemmta. Það kom til mín stúlka og það um að fá að taka mynd af sér með mér og ég sá ekkert að því. Þegar hún var búin að stilla sér upp kyssti hún mig allt í einu á kinnina og þá sé ég allt í einu manninn hennar verða svona rosalega reiðan og þetta varð dálítil uppákoma. Þá sagði ég: „Heyrðu, vertu rólegur. Ég er með svarta beltið í júdó.“ Þetta varð ekkert vandamál eða neitt slíkt en svo fór ég út í bíl eftir gíggjó og sagði við sjálfan mig: „Hvað á þetta að þýða, Geir?“ Auðvitað var ég ekkert með svarta beltið í júdó, ég er bara rétt kominn með græna beltið núna (hlær). Eftir þetta ákvað ég að ég yrði að skella mér á æfingu og hef ekki hætt síðan. Ég er þessum manni mjög þakklátur fyrir þetta.

**Nú er aðventan gengin í garð. Hvaða jólaglag kemur þér í jólagírinn?**

Það eru nú til svo mörg falleg jólalög. Ég söng nú sjálfur jólagið „Jólamávurinn“ og hafði gaman af því. Ég er oft beðinn um að syngja það og geri það nú ef ég er með undirspilið á mér. Ég söng líka jólaglag sem heitir Glæddu jólagleði í þínu hjarta með hljómsveit Don Randi og mér þykir mjög vænt um það lag.

**Ert þú farinn að hlakka til jólananna?**

Já, ég er mikið jólabarn og mér þykir þetta yndislegur tími. Mér finnst fólk líka breytast mikið í kringum jólin, það verður einhvern veginn alvarlegra, kannski er það vegna þess að þá þarf allt að ganga upp. Það er kannski vert að koma því á framfæri að fólk á að passa aurana sína, fólk verður að reyna að missa sig ekki í eyðslunni því það kemur alltaf að skuldadögum. Peningar og gjafir eru aukaatriði á jölunum, kjarninn er fólgin í því að verja tíma með fjölskyldunni.

Það er kannski vert að koma því á framfæri að fólk á að passa aurana sína, fólk verður að reyna að missa sig ekki í eyðslunni því það kemur alltaf að skuldadögum.

**SMÁA LETRIÐ****KVIKMYNDIR**

**Myndin sem ég get horft á aftur og aftur:** The Godfather.

**Myndin sem ég væli yfir:** Sound of Music er falleg mynd sem hreyfir við manni.

**Myndin sem ég grenja úr hlátri yfir:** Kingpin.

**Uppáhaldsmyndin mín í æsku:** Þrúðuleikarnir.

**Versta mynd sem ég hef séð:** Ég hef ekki séð hana enn.

**TÓNLIST**

**Lagið í upphaldi þessa stundina:** Ég hlusta mikið á lög með Count Basie þessa dagana.

**Lagið sem ég hlusta á til að gíra mig upp fyrir helgina:** Til dæmis Beat It.

**Lagið sem ég fíla í laumi:** Ég er hrifinn af diskóinu, til dæmis I Will Survive.

**Lagið sem ég syng í karóki:** Ég geri það nú eiginlega aldrei en ef ég yrði, þá væri það líklega bara eitthvað með Sinatra.

**FORM OG FÆÐI**

**Uppáhaldsmatur:** Það er lambalæri.

**Maturinn sem ég fæ mér þegar ég ætla að taka mig á:** Ég borða yfirleitt hollan mat og legg til dæmis sérstaklega mikið upp úr morgunmat. Þá fæ ég mér AB-mjólk og kannski hrökkbrauð.

**Versti matur sem ég hef smakkað:** Ég hef ekki smakkað hann enn.

**Líkamsræktin mín:** Júdó.

**Stoltasta augnablikið á íþróttuferlinum mínum:** Þegar ég varð Reykjavíkumeistari í fótbolta með ÍR sem strákur.



# HEIMSVIÐBURÐUR



## DOMINO'S-DAGURINN

# 50%

# AFSLÁTTUR

### AF PIZZUM Á MATSEÐLI Í DAG!

### AÐEINS Á FACEBOOK

Það verður glatt á hjalla víða um heim, því í dag býður Domino's öllum þeim sem panta pizzur í gegnum Facebook 50% afslátt!\* Það eina sem þú þarft að gera er að fara á Facebook, finna **Domino's pizza – Ísland**, kýla á LIKE og panta.


Taktu þátt í partíinu og nýttu þér tilboð á heimsmælikvarða!

\*Tilboðið gildir aðeins fyrir sóttar pizzur af matseðli, pantaðar í gegnum Facebook, í dag, fimmtudaginn 6. desember 2012. Gildir ekki með öðrum tilboðum.



[facebook.com/dominos.is](https://facebook.com/dominos.is)



SLAUFURNAR KOMA Í  
FJÓRUM MISMUNANDI LITUMSLAUFURNAR KOSTA 6.900  
KR. Í HERRAFATAVERZLUN  
KORMÁKS OG SKJALDARJÚLÍANNA  
HANNADI  
ÞESSA LÍNU  
FYRIR TÍSKU-  
SÝNINGU  
LUNGA 2011

# Með stóra drauma

**Júlianna Ósk Hafberg** hefur verið að sauma frá sex ára aldri og hefur hún tekið þátt í hinum ýmsu hönnunarverkefnum í gegnum tíðina. Nú eru til sölu slaufur eftir þessa efnilegu saumakonunni sem seldar eru í Herra-fataverzlun Kormáks og Skjaldar og hafa þær fengið virkilega góð viðbrögð.

## Hver er Júlianna Ósk?

Ég er tvítug stelpa sem útskrifaðist úr Verzlunarskólanum núna í vor, með stóra drauma um að verða og gera allt og ekkert.

## Hvað ert þú að gera þessa dagana?

Ég er búsett í Noregi hjá foreldrum mínum þar sem ég er að taka nokkur fög í kjólasaumum. Ásamt því ligg ég yfir veraldarvefnum í leit að spennandi skólum og námi og vinn að því að setja saman portfolio og skrifa ritgerðir fyrir ýmsa skóla og nám hér og þar í heiminum.

## Hvenær byrjaðir þú að hanna?

Ég lærði að sauma hjá langömmu Dóru frá sex ára aldri, en byrjaði ekki að sauma mín eigin fót fyrir en í áttunda bekk í grunnskóla. Síðan þá hef ég ekki pakkað niður saumavélinni og tekið þátt í mestöllu sem ég finn mér tengt saumaskapnum. Ég var t.d. oft í búa-inganeftir fyrir bæði nemó og listó í Verzló, tók þátt í fatahönnunarkerppnum, hannaði litla línu fyrir tiskusýningu LungA 2011 og hef verið persónulegur klæðskerfi vinar míns núna í nokkur ár. Annars er ég mest að gera flíkur á sjálfa mig, sem er auðvitað alltaf skemmtilegt og nytsamlegt.

Ég myndi samt alls ekki kalla sjálfa mig hönnuð, þar sem mér finnst hugtakið svo stórt og vera tileinkað þeim sem hafa lært hönnun, en það verður vonandi einhvern tímann í framtíðinni.

## Ert þú með eitthvað ákveðið í huga þegar þú ert að hanna?

Það er ekki fyrir en núna síðasta ár sem ég hef byrjað að pæla virkilega í öllum hliðum ferlisins þegar ég er að gera eitthvað. Eins og t.d. að reyna að ýta hlutunum lengra, hafa rök fyrir öllu, vanda frágang og passa að halda

## JÚLÍANNA ÓSK

Fyrstu sex: 310792

Staða: Kjólasaumur

Uppáhalds fataverslun: Kolaportíð/vintage-búðir

Þrjú orð sem lýsa þér best: Framsækin, opin og ævintýragjörn

utan um öll skjöl og skissur. En þessi þróun mín tengist auðvitað því að geta síðan notfært mér sem mest í skólaumsóknunum.

## Hvað veitir þér innblástur í hönnun þinni?

Það fer alveg gjörsamlega eftir því hvað ég er að gera. Það getur verið eitthvað sem ég sé, eitthvað sem mér finnst vanta eða einhver tilfinning sem ég sækist eftir. Almennt sækji ég innblástur samt mest úr grafískri hönnun, ljósmyndum og bíómyndum, en ég er voða lítið þessi týpa sem liggur inni á tiskubloggum og þess háttar.

## Segðu okkur aðeins frá slaufunum sem þú ert að hanna.

Ég er að hanna og sauma ullarslaufur fyrir karlmenn í fjórum litum: kamelgulur, steingrámur, ryðrauðum og dökk-maroon.

Ég lít á slaufurnar sem persónulegt verkefni til þess að sjá hversu langt ég get ýtt sjálfri mér og prófað hvernig þetta allt gengur fyrir sig. Núna hef ég fengið að bragða af öllum hliðum almenns hönnunarferlis, frá hugmynd til sölu í búð og allt þar á milli. Þrátt fyrir að þetta sé ekki stórt og mikið er þetta búið að vera ótrúlega lærdómsríkt fyrir mig. Ég er líka nýbúin að setja upp heimasíðuna [www.tendaysaweek.com](http://www.tendaysaweek.com) þar sem hægt er að finna upplýsingar og hafa samband við mig ef fólk

hefur áhuga á því. Allur ágóði sem ég fæ af slaufunum fer síðan í háskólasjóðinn minn.

## Hvernig kviknaði hugmyndin að því að byrja að hanna slaufur?

Ég hef lengi ætlað mér að sauma slaufur og hef alltaf verið mikill aðdáandi stráka með slaufur. En hugmyndin að þessu verkefni kviknaði núna í byrjun október þegar ég ákvað kvöldið fyrir afmælið hans þabba míns að sauma eina slaufu handa honum í afmælisgjöf. Hann var rosa-ánægður með hana og ég lagði inn mynd af henni á facebook þar sem ég fékk skemmtilega góð viðbrögð og nokkrar fyrirspurnir frá karlkyns vinum mínum. Þann dag hugsaði ég ekki um annað en að hrinda þessu verkefni í gang og fjórum dögum seinna var ég búin að senda slaufu í pósti um von um að fá þær seldar í búð, þar sem ég sá að það var mjög óhagstætt fyrir mig að selja þær beint frá mér vegna mikils sendingarkostnaðar frá Noregi. Eftir það fóru hjólin að snúast og gekk allt vonum framár!

## Hvar eru slaufurnar til sölu?

Slaufurnar eru til sölu í Herra-fataverzlun Kormáks og Skjaldar og kosta þar 6.900 kr.

## Ert þú að hanna eitthvað annað en slaufurnar?

Ekki neitt opinbert sem ég mun setja í sölu eins og slaufurnar, en ég er persónulega að hanna litla línu núna sem ég mun setja í portfolio-möppuna mína fyrir skólaumsóknir.

## Er eitthvað spennandi framundan hjá þér í haust?

Já, ég reyni alltaf að hafa eitthvað spennandi framundan sem ýtir manni áfram og lætur mann hafa eitthvað til þess að hlakka til.

Viku fyrir jóli flýg ég til London þar sem ég er búin að skrá mig í short course í Central Saint Martins (sem er draumaskólinn minn), það er svona vikunámskeið í How to Design a Couture Collection. Þetta verður í fyrsta skipti sem ég kem til Englands og er meginmarkmið mitt í þessari ferð að skoða London og skólann og reyna að fá smá-bragð af því hvernig draumurinn er í raunveruleikanum, ásamt auðvitað því að öðlast þá reynslu sem ég fæ úr námskeiðinu. Þaðan flýg ég svo til Íslands að halda jólin, en ég hlakka til þeirra eins og lítil smástelpa; svo er líka alltaf gaman að komast heim.



# Smitaður af GQ

Breiðhylltingurinn **Egill Ásbjarnason** missir sjaldan dampinn þegar kemur að tísku. Egill er laganemi við Háskóla Íslands en ásamt náminu er hann starfsmaður í Gallerí 17 og Kultur Menn. **Stíllinn** fékk Egil til að sýna okkur brot úr fataskápnnum sínum.

**Hver er Egill Ásbjarnason?** 21 árs laganemi við HÍ. Starfsmaður í Gallerí 17 og Kultur Menn. Breiðhylltingur og ÍR-ingur.

**Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum?** Mjög skandinavískur. Converse-skór og þröngar gallabuxur eru oftast undirstaðan í bland við skyrtur og þykkar peysur. Svo þegar kemur að því að klæða sig upp þá er ég mjög smitaður af GQ.

**Hvar kaupir þú helst fötin þín?** Verandi starfsmaður NTC liggur beint við að kaupa flest fötin sín þar. Það kemur samt fyrir að ég svíki lit og versli í öðrum búðum. Þá eru það helst H&M, Zara, Urban Outfitters og second hand-búðir.

**Hvaða árstími finnst þér skemmtilegastur hvað varðar tísku?** Haustið er alltaf skemmtilegast. Þá getur maður layer-að meira og farið að nota yfirhafnir af viti. Sumarið er samt alltaf gott, þá kemst maður upp með það að bretta vel uppá buxurnar og sleppa sokkunum.

**Hver er best klæddi karlmaður í heimi?** Margir sem koma til greina. Nick Wooster er nettur, sænska undrið Andreas Wijk (Ingibjörg

Sigfús fær prik fyrir að benda mér á hann), Kennedy-fjölskyldan, Böðvarsson-fjölskyldan og samstarfsfélagarnir í 17 og Kultur.

**Áttu þér uppáhaldshönnuð?** Já, Johann Lindeberg hefur alltaf verið í miklu uppáhaldi, Ralph Lauren, Tom Ford og svo er herraskartið frá Hendrikku Waage að skora mörg rokkarastig.

**Hver hafa verið þín verstu tiskumistökk?** Allt of mörg. Skinkutímabilið er eitthvað sem ég á erfitt með að sætta mig við í dag og eins síða hárið á grunnskólaárunum.

**Hvað er ómissandi fyrir stráka að eiga í fataskápnnum fyrir veturinn?** Þykkar og góðar peysur, rough skyrtur, dúnvesti, góða húfu og Timberland-skó.

**Hvað er á döfinni hjá þér í vetur?** Laganámið tekur sinn tíma og skilur lítið eftir. En að loknum prófum er það vinna myrkranna á milli og taumlaus gleði í faðmi fjölskyldu og vina.

**Ef þú yrðir að fá þér húðflúr, hvernig húðflúr myndir þú fá þér og hvar?** Ef ég þyrfti þess, þá tæki ég full sleeve à la Nick Wooster eða risavaxinn fáka yfir allt bakið.



**ÚT Á LÍFIÐ**  
GALLAJAKKI: GALLERÍ 17  
PEYSA: ZARA  
SKYRTA: RALPH LAUREN  
BUXUR: URBAN  
SKÓR: GALLERÍ 17



**HVERSDAGS**  
JAKKI: RETRO, RIP  
PEYSA: ERFÐAGRIPUR  
SKYRTA: H&M  
BUXUR: GALLERÍ 17  
SKÓR: GALLERÍ 17



**SKÓLADRESSIÐ**  
VESTI: NEXT  
SKYRTA: GALLERÍ 17  
BOLUR: GALLERÍ 17  
BUXUR: GALLERÍ 17  
SKÓR: URBAN



**SPARI**  
JAKKI: ZARA  
SKYRTA: KULTUR MENN  
BINDI: ERFÐAGRIPUR  
TREFILL: FRANKFURT 1980  
BUXUR: GALLERÍ 17  
SKÓR: ZARA

Myndir/Styrmir Kári

## NÝ SENDING FRÁ MOTEL ROCKS



**Dúkkuhúsið** Kringlan ★ Vatnsstígur 3 ★ Sími 5170044

Motel Rocks





HARPA OG ÍRIS MED YNGSTU BÖRNUM SKÓLANS. BÖRNIN YFIR SIG HRIFIN AF GJÖFUNUM SEM ÞÆR GÁFU ÞEIM. BÓK, BLÝANTUR, STORKLEÐUR, REGLUSTIKA OG YDDARI.



HARPA OG ÍRIS Í TANSANÍU

# Tilbreyting frá hversdagsleikanum

Vinkonurnar Íris Ásgeirsdóttir og Harpa Reynisdóttir fóru í 8 vikur til Tansaníu og kynntust þar menningarheimi sem er sannarlega frábrugðin okkar.

Stundum hellist yfir mann þessi ólýsanlega þörf til að hrista vel upp í lífinu og gera eitthvað allt annað, upplifa eitthvað spennandi og framandi. Alþjóðleg ungmennaskipti, betur þekkt sem AUS, bjóða upp á eitt slíkt tækifæri og er hægt að finna eitthvað við allra hæfi. Vinkonurnar Íris Ásgeirsdóttir og Harpa Reynisdóttir fóru í 8 vikur til Tansaníu.

## Hvernig kom það til að þið fóruð til Tansaníu?

Það hafði lengi verið draumur

okkar að fara til Afríku og fannst okkur spennandi að fara þangað í sjálfbóðastarf. Við fundum upplýsingar um AUS á netinu ([www.aus.is](http://www.aus.is)) og ákváðum á endanum að fara í sjálfbóðastarf til Tansaníu og bjuggum þar hjá fósturfjölskyldum í höfuðborginni, Dar es Salaam.

## Hvernig var upplifunin hjá ykkur?

Fyrst um sinn upplifðum við frekar mikið menningarsjokk því þetta er svo ólíkt öllu öðru sem við þekktum, en þetta vandist nokkuð fljótt. Við völdum að vinna í verkefni sem

heitir Kigamboni Community Centre (KCC). Segja má að KCC sé bæði skóli og nokkurs konar félagsmiðstöð. Fyrri hluta dags er kennsla í boði fyrir börn sem ekki hafa fengið tækifæri til að fara í almenna skóla, vegna fátæktar. Námið er ókeypis svo að öll börn ættu að geta fengið að mennta sig. Tæplega 200 börn stunda nám í KCC í dag. Seinni part dags breytist skólinn svo í hálfgerða félagsmiðstöð þar sem allt fyllist af krökkum, að ca. 20 ára aldri. Ýmiskonar tómstundir voru í boði, fótþolti, dans, tónlistarkennsla, leik-

list og handavinna. Okkur fannst sérstaklega gaman að fá að taka þátt í lífi barnanna og sjá hversu dugleg og hæfileikarík þau eru, kynnst því hvernig fólk í Afríku býr og fá tækifæri til að hjálpa þeim sem þurfa á því að halda.

## Eru Ísland og Afríka rosalega ólíkir menningarheimar?

Afríka er svo allt öðruvísi en allt annað sem við höfðum séð og upplifað. Önnur menning, trú, tungumál og þróunin. Á heildina er lítið var dvölin hjá fjölskyldunum og í verkefninu æðisleg og myndum við ekki skipta henni út fyrir neitt annað. Í lok sjálfbóðavinnunnar ferðuðumst við um meirihluta Tansaníu og fórum svo til Simbabve, Sambíu og Malaví. Við lærðum rosalega marga á þessum stutta tíma. Það ættu allir að prófa að búa við þær aðstæður sem fólkíð þarna býr við. Við sjáum það svo vel núna hversu gott við höfum það hér á Íslandi miðað við marga aðra.

## Mælið þið með þessu fyrir aðra?

Við mælum hiklaust með því að fólk fari út í sjálfbóðastarf. Með þessari upplifun lærir maður meðal annars að taka sjálfstæðar ákvarðanir og standa með sjálfum sér, kynnst nýju fólki, nýrri menningu og lærir nýtt tungumál



FERJAN SEM FLUTTI ÞÆR YFIR Í BORGINA



SKÓLINN SEM ÞÆR KENNDU VIÐ



AFMÆLISHLADBORD AÐ BESTU GERÐ



HVERFIÐ HENNAR ÍRISAR



JÓLAPAKKINN MINN!!





Coca-Cola®

Með þér um jólin





„Oh, Eddie... If I woke up tomorrow with my head sewn to the carpet, I wouldn't be more surprised than I am now.“ **Christmas Vacation (1989)**

## Jólaleikur ELKO

VILTU VINNA  
iPAD MINI  
+ Smart Cover  
+ eBækur gjafakort?



SENDU SMS EST IPAD  
Á NÚMERIÐ 1900  
ÞÚ FÆRÐ SPURNINGU  
OG SVARAR MEÐ ÞVI  
AÐ SENDA SMS  
SKEYTIÐ EST A, B EÐA C  
Á NÚMERIÐ 1900  
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!



Fullt af aukavinningum:  
eBækur gjafabréf  
Bíomiðar á Life of Pi  
DVD - Tölvuleikir - Gos o.m.fl.

\*Aðalvinningar dregnir úr öllum innsendum skeytum 22. desember 2012. Vinningar verða afhentir í ELKO Lindum, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 199 kr./SMS-ið. Þú færð 5 mínútur til að svara spurningu. Leik lýkur 21. desember 2012



Lindum - Skeifunni - Granda - Vefverslun - Sími 544 4000 - Símsala 575 8115



## FRUMSÝNING HELGARINNAR

### Rise of the Guardians

Þegar hættu steðjar að heiminum þá sameinast Verndararnir. Jólaveinninn, Sandmann, Tannálfurinn og Páskakanínan eru hinir ódauðlegu verndarar barna um allan heim og hafa um árþúsundir séð börnum fyrir draumum og vonum. En nú steðjar meiri hættu að jörðinni en nokkru sinni fyrr og Verndararnir fá Jack Frost (Jökul Frostu) með sér í lið til að berjast gegn Ötta, en hann hyggst gera innrás á jörðina. Myndin er sýnd með ensku og íslensku tali.

**Leikstjórn:** Peter Ramsey.  
**Aðalleikráddir:** Chris Pine, Alec Baldwin, Hugh Jackman, Isla Fisher og Jude Law.  
**Langd:** 97 mínútur.  
**Aldurstakmark:** Leyfð öllum.  
**Kvikmyndahús:** Sambíóin Egilshöll, Álfabakka og Kringlunni.

## VILTU VINNA MIÐA?

[facebook.com/monitorbladid](https://facebook.com/monitorbladid)



### TÖLVULEIKUR



PlayStation All-Stars Battle Royale

MAAAA

**Tegund:** Slagsmálaleikur

**PEGI-merking:** 12+

**Útgefandi:** Sony Computer

**Aðrir dómur:**

IGN.com 8 af 10

Gamespot 6,5 af 10

Eurogamer.net 7 af 10

### Blautur draumur...

Það hefur lengi verið gegnblautur draumur PlayStation-eigenda að fá leik sem inniheldur allar helstu hetjur PlayStation. Nú er sá draumur orðinn að veruleika með leiknum PlayStation All-Stars Battle Royale, en þar mætast 22 hörðustu hetjur PS-leikjanna í grjóthörðum slagsmálaleik.

Það geta allt að fjórir spilað leikinn saman og fer spilunin fram á einhverju borði sem tekið er úr þekktum PlayStation-leikjum, en þar á meðal eru borð úr Uncharted 3, God of War 3, Killzone, Parappa the Rapper og fleiri leikjum. Svo verður allt hreinlega vitlaust í orðsins fyllstu merkingu. Allir leikmenn lemja hver á öðrum í tiltekinn tíma þangað til einn stendur uppi sem sigurvegari.

Hver persóna leiksins er með fjöldann allan af bardagabrögðum sem er mjög auðvelt að framkvæma og hentar leikurinn því vel fyrir bæði byrjendur og lengra komna. Auk þess er á hverju borði hellingur af hlutum sem birtast af og til, en með þeim geta leikmenn framkvæmt allskyns vitleysu til að ganga frá andstæðingnum. Með hverju höggi sem leikmenn koma á óvininn fyllist upp mælir og þegar hann er

orðinn fullur geta leikmenn framkvæmt svakaleg brögð.

Þegar leikmenn spila leikinn einir og sér geta þeir vaðið í gegnum söguþráð hverrar persónu eða spilað við aðra í gegnum netið. Mesta fjörið er þó þegar fjórir eru við sömu tölvuna og spila annaðhvort allir á móti öllum eða tveir á móti tveimur. Við þær aðstæður setur leikurinn stórt „P“ í orðið parti.

Stýringar leiksins eru mjög þéttar, enda er það nauðsynlegt í svona hröðum slagsmálaleik þar sem allt er í gangi. Grafíkin er mjög góð og gaman að sjá allar þessar persónur dottnar inn í einn og sama leikinn. Endingin er góð og nánast endalaus þegar margir spila. Leikurinn er þó ekki gallalaus og skortir ýmislegt til að hann verði tímalaus klassík, en engu að síður góð skemmtun sem lífgar upp daufustu parti.



ÓLAFUR ÞÓR JÓELSSON





**KVIKMYND**

**Lítið kjöt á beinunum**

Eftir að hafa séð stikluna fyrir Killing Them Softly aftur og aftur í kvikmyndahúsum bæjarins var ég orðinn ansi spenntur og ekki skemmdi fyrir að sjá Brad Pitt í hlutverki leigumorðingja. Kvikmyndin segir frá tveimur seinheppnum og illna gefnum mönnum sem fá þá snilldarhugmynd að ræna pókerklúbb sem mafían stendur fyrir. Áður en langt um líður kemst mafían að því hver stóð fyrir ráninu og er því leigumorðinginn Jackie settur í málið til að jafna um þessa treggáfuðu ræningja.



Allt „lúkk“ yfir myndinni er mjög kaldranalegt og gefur það strax tóninn að eitthvað mikið er að efnahag Bandaríkjanna á þessum tíma en umrædd mynd gerist á hápunkti efnahagskrísunnar árið 2008. Endalaugar vísanir eru í það hvað fólk hefur lítið fé til umráða og tala leikararnir ítrekað um peningamáli sínu og annarra. Þessi ágæta ræma býður áhorfendunum uppá gömul og kunnuleg andlit á borð við Sam Shepard og Ray Liotta (sem virðist alltaf þurfa að leika einhvers konar mafíu-karakter) í bland við nýrri menn og stulur þar senunni aðalleikarinn Scott McNairy. Sá er frábær sem hinn seinheppni ræningi Frankie og mun hann eflaust láta að sér kveða á hvíta tjaldinu í framtíðinni.

Ég hafði töluverðar væntingar til þessarar þriðju myndar Andrews Dominik en fyrri myndir hans, Chopper og The Assassination of Jesse James, féllu mér báðar í geð. Hinsvegar tókst Killing Them Softly ekki að heilla mig eins mikið og fyrri verk leikstjórans. Hún er mjög hæg og mikið er um tilgangslaus atriði sem hefði betur mátt sleppa eða gera meira úr, því oft og tíðum var þeim ekkert fylgt eftir og það skilur áhorfendann eftir áttaviltan. Hugmyndin á bakvið Killing Them Softly er góð en ekki

nógu vel framkvæmd.



**KILLING THEM SOFTLY**

**HJÁLMAR KARLSSON**



**LÉLEG TÓNLIST**

Léleg tónlist er ekki eitthvað sem var fundið upp á fyrir þremur árum. Vissulega er gefið út mikið af virkilega ógeðslega ómurlæg tónlist í dag en þannig hefur það líka alltaf verið. Það sem fólk virðist ekki átta sig á er að tíminn er besta sigti sem völ er á. Með árunum gleymist allt draslið sem gefið var út og deyr. Það sem lifir, er það sem var virkilega vel gert. Árið 2046 verður pottþétt einhver leiðinlegur að öldra yfir því afhverju enginn gerir lengur tónlist eins og Rihanna gerði 2012.



**DANSAR VIÐ LÖG**

Gangnam Style-maðurinn var ekki að finna upp að gera einkennisdans fyrir lög. Það er hægt að fara allt til ársins 1960 þegar Twist dansinn kom fram með samnefndu lagi Chubby Checkers. Nú er twistið viðurkenndur dans og eflaust lítið mál að skrá sig á námskeið.

**Fjarlægðin gerir FJÖLLIN BLÁ**

Sumir vilja gjarnan líta aftur til fortíðar og dásama allt sem átti sér stað í tónlistinni í þá daga

Fjarlægðin gerir fjöllin blá, sagði nú einhver. Það er alltaf til fólk sem heldur því fram að í fortíðinni hafi allt verið svo frábært. En þegar nánar er að gáð virðist ekki svo

vera. Hér eru nokkrir hlutir sem fólk sem agnúst út í við nútímatónlist heldur að hafi verið fundnir upp í morgun. Lítum aðeins betur á þetta.



**TÓNLIST**  
FREYR ÁRNASON

**AÐ LAGA LÖG EFTIR Á**

Síðan menn fundu upp á meira en einnar rásar upptökutækni hefur allt verið lagað í tónlist sem lagast getur. Autotune er ekkert nýtt. Hvað þá að nýta sér upptökutækni til að bæta söng. Cher kom fyrst með nútíma-autotune í laginu Believe í lok síðustu aldar. ABBA sungu allar raddir minnst inn tvisvar til að þetta þær og Bitlarnir, sem eiga að heita guðir, eyddu því líkum tíma í stúdíóinu í að útsetja og fínþussa lögjin sín.



**PENINGAR STJORNA ÖLLU**

Vissulega rétt, en hvenær var það ekki? Meira að segja Woodstock, sem átti að vera andkapítalísk friðarhátíð nýrrar kynslóðar, var haldin af ungum business-mönnum sem ætluðu sér að græða það vel að restina af ævinni gætu þeir eytt á sólarströnd með kokteil. Og það sem meira er, tónlistarmennirnir, leiðtogar nýrra peningalausra tíma, neituðu að koma fram nema fá tugi milljóna greidda fyrirfram í beinhörðum peningum. Peningar hafa alltaf skipt máli, menn voru bara betri að fela það hér áður fyrr. Ætli fólk sé ekki bara hreinskílhara í dag?



**MARKAÐSSETNING OG ÍMYNDARHERFERÐIR**

Margir bóla því hvað allt snýst um ímyndasköpun í dag. Hetjan John Lennon hélt því leyndu að hann ætti konu og barn til að halda lífi í draumi mörgþúsund stúlkna að einn daginn gæti hann orðið þeirra. Ef eitthvað er, þá er erfiðara fyrir tónlistarmenn að reyna að fela hverjir þeir eru í raun og veru í dag.



**STRÁKABÖND OG TÓNLISTARMENN BÚNIR TIL**

Fyrstu strákaböndin voru búin til fyrir aldamótinn 1900. Þá var fjórum ungum drengjum stillt saman að syngja fjórraðaðan söng. Seinna þróaðist þetta yfir í svokallaða rakarastofu-kvartetta. Það var síðan eftir komu Bitlanna að menn fóru að búa til strákabönd sem sungu popptónlist með undirleik.



**BARA FALLEGT FÓLK Í TÓNLIST Í DAG**

Það er reyndar rétt, ljótt fólk átti töluvert meiri möguleika á að ná langt í popptónlist hér áður fyrr. Þetta er orðið það samofað að það þóttu undur og stórmerki að jafn ófríð kona og Susan Boyle gæti sungið, hver sem tengingin á milli fegurðar og tónlistargáfna á svo sem að vera.



**TÓNLISTINN**

Víkan 29. nóvember - 5. desember 2012

- 1 **Ásgeir Trausti**  
Dýrd í dauðabögn
- 2 **Raggi Bjarna**  
Dúettar
- 3 **Retro Stefson**  
Retro Stefson
- 4 **Ýmsir**  
Minnigartónleikar um Elly Vilhjálms
- 5 **Of Monsters And Men**  
My Head Is An Animal
- 6 **Valdimar**  
Um stund
- 7 **Skálmöld**  
Börn Loka
- 8 **Ríó**  
Eitthvað undarlegt
- 9 **Úr leikriti**  
Dýrin í Hálsaskógi (2012)
- 10 **Sigurður G. & Memfismafían**  
Okkar menn í Havana

11 **Jónas Sigurðsson** Þar sem himin ber við haf 12 **Ellen Kristjánsdóttir** Sönglög 13 **Bjarni Arason** Elvis Gospel 14 **Sverrir Bergmann** Fallið lauf 15 **Sigurður Guðmundsson og Memfismafían** Nú stendur mikið til 16 **Nýdönsk** 25 ára afmælistónleikar 17 **Úr kvikmynd** Ávaxtakarfan 18 **Haukur Heiðar** Á rómantískum nótum 19 **Magni** í huganum heim 20 **Steindór Andersen & Hilmar Örn Hilmarsson** Stafnbúi 21 **Ýmsir** Gleðileg jól 22 **Ýmsir** Rokk & jól: Jól í Rokklandi 23 **Óne Direction** Take Me Home 24 **Úr leikritum** Thorbjörn Egner: Gömlu göðu leikritin 25 **Baggalútur** Jól og bláa 26 **Baggalútur** Næstu jól 27 **Eivör** Room 28 **KK & Ellen** Jólin 29 **Moses Hightower** Önnur Mósebók 30 **Stuðmenn** Astraltrerta

\*Tónlistinn er unninn af Félagi hljómplötuframleiðenda og inniheldur söluölur síðastliðinnar viku í verslunum Skifunnar, Hagkaupa, Pennans / Eymundssonar, 12 Tóna, Hörpu, Elkó, Smekkleysu plötubúð og á Tónlist.is.



**LAGALISTINN**

Víkan 29. nóvember - 5. desember 2012

- 1 **Ásgeir Trausti**  
Dýrd í dauðabögn
- 2 **Jónas Sigurðsson**  
Hafið er svart
- 3 **Valdimar**  
Sýn
- 4 **Blaz Roca / Ásgeir Trausti**  
Hvítir skór
- 5 **The Lumineers**  
Ho Hay
- 6 **Retro Stefson**  
Glow
- 7 **Adele**  
Skyfall
- 8 **Rihanna**  
Diamonds
- 9 **Bruno Mars**  
Locked Out Of Heaven
- 10 **Labrinth / Emeli Sandé**  
Beneath You're Beautiful

Ragnar Bjarnason / Jón Jónsson Froðan Mumford & Sons I Will Wait Pink Try Of Monsters And Men Mountain Sounds David Guetta / SIA She Wolf Ásgeir Trausti Leyndarmál Philip Phillips Home Robbie Williams Candy Ollly Murs / Flo Rida Troublemaker Tilbury Riot Muse Follow Me Retro Stefson Julia Lára Rúnars Beast Ed Sheeran Give Me Love Moses Hightower Háa C Alicia Keys Girl On Fire Sverrir Bergmann Kærleikur, von og trú Adele One And Only The Script / Will.I.Am Hall Of Fame Ellie Goulding Anything Could Happen

\*Lagalistinn er unninn af Félagi hljómplötuframleiðenda og inniheldur samantekt síðastliðinnar viku á mest spiluðu lögum á eftirtöldum útvarpsstöðvum: Bylgjan, FM95.7, Xíð 977, Rás 2 og Kaninn. Auk þess er tekið mið af sölu á Tónlist.is.



## Myndu halda upp á hvað þau hafa náð langt

**Fyrstu sex:** Helga, 200696 og Birkir, 091096.  
**Okkur líður best þegar...** við erum á sviði og úti á dansgólfinu og fáum fólkið með okkur.

**Hvað ætlið þið að gera í úrslitapættinum til að heilla áhorfendur?** Sýna flottan dans, brosa og hafa gaman.

**Hvað er það fyrsta sem þið mynduð gera eftir þáttinn ef þið vinnið?** Fagna með fjölskyldum okkar.

**Hvað er það fyrsta sem þið mynduð gera eftir þáttinn ef þið tapið?** Við höfum náð svo ótrúlega langt að við myndum halda upp á það.

**Hvað mynduð þið gera við eina og hálf milljón?** Helga Kristín myndi fara í ballettskóla í New York í sumar og Birkir myndi leggja peningana inn á banka og hugsa málið.

**Jay-Z og Beyonce annars vegar og Kanye West og Kim Kardashian hins vegar bjóða ykkur að dansa með sér paradans. Hvort parið veljið þið?** Jay-Z og Beyonce því þau eru legend.

**Þið skrifið handrit að dansmynd, leikstýrið henni sjálf og leikið aðalhlutverkið. Hvað myndi myndin heita og hvaða leikara og hvaða leikkonu mynduð þið ráða til að leika aðalhlutverk á móti ykkur?** Myndin hétu „Við tókum þetta á gleðinni.“ John Travolta er alltaf klassík í dansmyndum og Natalie Portman var frábær í Black Swan.

**Hverjar eru draumaaðstæður ykkar sem dansarar?** Helgu dreymir um flottan skóla í Bandaríkjunum þar sem hún myndi sameina leiklist og dans. Birki er alveg sama hvar, svo lengi sem hann hefur gaman af því sem hann er að gera.  
**Hvaða skilaboð viljið þið senda ungu fólki sem vill ná langt í dansinum?** Ef maður vill ná langt þá verður maður að leggja hart að sér og það á við um allt sem maður gerir í lífinu. Maður verður að lifa heilbrigðu lífi og áfengi og tóbak eiga ekkert sameiginlegt með góðum árangri. Munum samt að brosa við lífinu því þá mun lífið brosa við okkur.



HELGA OG BIRKIR

ÞAU BEKKTUST EKKI FYRIR KEPPNINA

## Draumurinn að vera margfaldir heimsmeistarar

**Fyrstu sex:** Denise: 300192 og Þorkell: 040494.  
**Okkur líður best þegar...** við dönsu.

**Hvað ætlið þið að gera í úrslitapættinum til að heilla áhorfendur?** Við ætlum að dansa stórfenglegan og dramatískan tangó.

**Hvað er það fyrsta sem þið mynduð gera eftir þáttinn ef þið vinnið?** Gefa út ævisögu, Denise og Þorkell – Dansað í gegnum tárin.

**Hvað er það fyrsta sem þið mynduð gera eftir þáttinn ef þið tapið?** Koma af stað fánalegum samsæris-kenningum um hagrædd úrslit.

**Hvað mynduð þið gera við eina og hálf milljón?** Við myndum nota peningana til áframhaldandi dansnáms, jafnt hér heima sem í útlöndum.

**Jay-Z og Beyonce annars vegar og Kanye West og Kim Kardashian hins vegar bjóða ykkur að dansa með sér paradans. Hvort parið veljið þig og hvers vegna?** Jay-Z og Beyonce allan daginn, þau eru einfaldlega flottust. Yfirburðir.

**Þið skrifið handrit að dansmynd, leikstýrið henni sjálf og leikið aðalhlutverkið. Hvað myndi myndin heita og hvaða leikara og hvaða leikkonu mynduð þið ráða til að leika aðalhlutverk á móti ykkur?** Ice-Dance, The story of hope, dreams and destiny. Við myndum leika í myndinni ásamt J-Lo og Antonio Banderas. Mest solid dans-leikarar samtímans.

**Hverjar eru draumaaðstæður ykkar sem dansara?** Draumurinn okkar væri líkast til að vera orðin margfaldir Blackpool- og heimsmeistarar, með okkar eigin dansskóla þar sem ungr og efnilegir dansarar fá að blómstra.

**Hvaða skilaboð viljið þið senda ungu fólki sem vill ná langt í dansinum?** Er ekki málið að vera soldið væmínn hér? Aðalatriðið er að eiga sér draum og stefna að honum og aldrei að láta neinn segja sér að maður geti það ekki. Í leiðinni að draumnum skaltu hafa minni markmið og vinna markvisst og af aga að þessum markmiðum og þá eru þér allar leiðir færar. „Hard work beats talent when talent doesn't work hard“ – Kevin Durant.



DENISE OG ÞORKELL

DANSAÐ Í GEGNUM TÁRIN

## GREYÍÐ STEVE MISSTI AF ÞESSARI STEMNINGU VEGNA VEIKINDA



# Stanslaust en ekki

Dansáhugafólk þjóðarinnar mun standa á öndinni á laug  
**Monitor** tók púlsinn á keppendunum sem hafa náð þe

## The incredible adventures of Harry Poppins

**Fyrstu sex:** Steve, 070581 og Arnar, 220992.  
**Okkur líður best þegar...** við njótum þess sem við gerum.

**Hvað ætlið þið að gera í úrslitapættinum til að heilla áhorfendur?** Dansa.

**Hvað er það fyrsta sem þið mynduð gera eftir þáttinn ef þið vinnið?** Steve ætlar heim til fjölskyldu sinnar en Arnar ætlar að opna einn kaldan.

**Hvað er það fyrsta sem þið mynduð gera eftir þáttinn ef þið tapið?** Steve ætlar heim til fjölskyldu sinnar en Arnar ætlar að opna tvo kalda.

**Hvað mynduð þið gera við eina og hálf milljón?** Steve: Ég myndi nota minn hlut í að safna pening til að fjárfesta í betra heimili fyrir fjölskylduna mína.

**Arnar:** Ég hef ekki hugmynd. Ég hef ekki hugsað svo langt.  
**Þið þurfið þriðja manninn í atriðið ykkar. Michael Jordan, Tiger Woods og Mike Tyson mæta í prufu en þið getið bara valið einn þeirra. Hver verður fyrir valinu?** Þessi er erfið. Þeir eru allir mjög færir íþróttamenn á heims-mælikvarða sem endurskilgreindu sínar íþróttgreinar. En við myndum vilja vinna með MJ því hann er heillandi íþróttamaður á mörgum sviðum.

**Þið skrifið handrit að dansmynd, leikstýrið henni sjálf og leikið aðalhlutverkið. Hvað myndi myndin heita og hvaða leikara og hvaða leikkonu mynduð þið ráða til að leika aðalhlutverk á móti ykkur?** Jim Carrey í myndinni „The incredible adventures of Harry Poppins.“

**Hverjar eru draumaaðstæður ykkar sem dansara?** Steve:

Ég myndi gjarnan vilja vinna með Crystal Pite, listrænum stjórnanda og danshöfundi kanadíska nútímadans-flokksins Kidd Pivot.

**Arnar:** Draumurinn væri að geta unnið við að hreyfa mig.

**Hvaða skilaboð viljið þið senda ungu fólki sem vill ná langt í dansinum?** Sjá svarið hans Steve hér til hægri.



ARNAR OG STEVE

MYNDU VINNA MED MICHAEL JORDAN





MYNDU VELJA JAY OG BEY

## Ætla að dansa frá hjartanu og gefa allt í dansinn

Fyrstu sex: Siggí, 040890 og Hanna, 170790.

**Okkur líður best þegar...** við kúrum saman uppi í rúmi með helling af mönsum að horfa á sjónvarpið en okkur líður reyndar líka rosalega vel þegar við erum á dansgólfinu að dansa.

**Hvað ætlið þið að gera í úrslitabættinum til að heilla áhorfendur?** Við ætlum að dansa frá hjartanu og gefa allt sem við mögulega getum í dansinn.

**Hvað er það fyrsta sem þið mynduð gera eftir þáttinn ef þið vinnið?** Við erum ekki búin að hugsa svo langt, það er ekkert planað, en vá, ef við vinnum þá verður fagnað vel, það er að segja ef við fáum ekki taugaáfall af spennu.

**Hvað er það fyrsta sem þið mynduð gera eftir þáttinn ef þið tapið?** Við hreinlega vitum það ekki. Það eru öll atriðin svo frábær og ef við vinnum ekki þá er það bara að halda áfram að æfa og gera sig betri.

**Hvað mynduð þið gera við eina og hálf milljón?** Vinningsféð færi allt í dansinn, þar sem það er mikið af ferðalögum og keppnum á næstunni þar sem við förum fyrir hönd Íslands að keppa. Styrkirirnir dekla vanalega bara matinn á flugvellinum.

**Jay-Z og Beyoncé annars vegar og Kanye West og Kim Kardashian hins vegar bjóða ykkur að dansa með sér paradans. Hvort parið veljið þið?** Við þurfum ekki einu sinni að hugsa okkur um tvisvar. Það er hiklaust Jay og Bey, hreinlega vegna þess að hún er alveg með þetta og hann er bókað

### SIGGÍ OG HANNA

alveg silkimjúkur.

**Þið skrifið handrit að dansmynd, leikstýrið henni sjálf og leikið aðalhlutverkið. Hvað myndi myndin heita og hvaða leikara og hvaða leikkonu mynduð þið ráða til að leika aðalhlutverk á móti ykkur?** Myndin sem við myndum leika í og leikstýra fengi nafnið „Don't fake the shake“ og aðal-mótleikararnir yrðu

Robert Downey jr. og Natalie Portman.

**Hverjar eru draumaadstæður ykkar sem dansarar?** Okkar draumaadstæður væru að geta lifað á dansinum og vera stödd í Englandi að æfa í Mekka allra dansskóla þar sem allir bestu dansarar í heimi mætast og æfa saman.

**Hvaða skilaboð viljið þið senda ungu fólki sem vill ná langt í dansinum?** Til allra krakka sem eru að æfa dans: Gera plan, setja sér langtíma markmið og standa við þau því það þýðir ekkert hálfkák ef þú ætlar að vera afreksdansari. Leggja sig 110% fram á öllum æfingum því æfingin skapar meistaran. Ekki gefast upp.

## Líður best með kærustunni og dóttur sinni

Fyrstu sex: 070581.

**Mér líður vel þegar...** ég er með fjölskyldunni minni, það er að segja kærustunni og dóttur minni.

**Hvað ætlar þú að gera í úrslitabættinum til að heilla áhorfendur?** Bara dansa.

**Hvað er það fyrsta sem þú myndir gera eftir þáttinn ef þú vinnur?**

Þakka öllum sem veittu mér stuðning og fara svo heim til fjölskyldunnar minnar.

**Hvað er það fyrsta sem þú myndir gera eftir þáttinn ef þú tapar?** Óska sigurvegaranum til hamingju og fara svo heim til fjölskyldunnar minnar.

**Hvað myndir þú gera við eina og hálf milljón?** Ég myndi fá mér íbúð til að útvega fjölskyldu minni betra heimili.

**Madonna og Beyoncé bjóða þig um að dansa í tónlistarmyndbandi hjá sér en þú getur bara valið annað hvort myndbandið. Hvaða myndir þú vinna fyrir?**

Ég myndi velja að vinna með Madonna því hún vinnur alltaf með bestu dönsurum.

**Þú skrifar handrit að dansmynd, leikstýrir sjálf og leikur aðalhlutverkið. Hvað myndi myndin heita og hvaða leikara fengir þú til að leika á móti þér?**

„Risky Toes“ með Melissu McCarthy úr Bridesmaids í aðalhlutverki.

**Hverjar eru draumaadstæður þínar sem dansari? Hvað með íslenska dansmynd?** Ég væri með nokkrar hugmyndir. Í alvörunni.

**Hvaða skilaboð vilt þú senda ungu fólki sem vill ná langt í dansinum?**

Ekki gera það fyrir peningana.

Dans er erfður. Þú munt upplifa fleiri mistök en sigra. Það er eðlilegt og því skaltu ekki gefast upp. Finndu út hvers konar dansari þú vilt verða. Þegar þú veist það getur þú sett þér markmið og farið alla leið með hjartanu. Ímyndaðu þér skip með ákveðnum áfangastað. Það er töluvert líklegra að skipið nái höfn fyrr heldur en fljótandi bátur án skipstjóra, er það ekki? Og eitt að lokum, gleymdu aldrei af hverju þú byrjaðir að dansa til að byrja með.



STEVE MYNDI VINNA MEÐ MADONNU

### STEVE LORENZ

# ki danslaust stuð

gardagskvöldið þegar úrslitin í **Dans dans dans** skýrast. Þeim frábæra árangri að komast alla leið í úrslitabáttinn.



ÞÓREY ER LIÐLEG OG LIÐUG

## Myndi troða í mig baksviðssnarlinu

Fyrstu sex: 130294.

**Mér líður best þegar...** ég er á sviði.

**Hvað ætlar þú að gera í úrslitabættinum til að heilla áhorfendur?** Kannski dansa, veit samt ekki alveg.

**Hvað er það fyrsta sem þú myndir gera eftir þáttinn ef þú vinnur?** Troða í mig snarlinu sem er baksviðs, þið vitið ekki hvað það er erfitt fyrir okkur dansarana að standast freistingarnar þarna yfir daginn. Þetta er þína.

**Hvað er það fyrsta sem þú myndir gera eftir þáttinn ef þú tapar?** Óska sigurvegaranum til hamingju og hafa gaman með liðinu.

**Hvað myndir þú gera við eina og hálf milljón?** Nota peninginn í frekara nám tengt dansinum.

**Justin Bieber og Justin Timberlake bjóða þér á sama tíma upp í dans. Hvorn velur þú?** Ég mundi velja Justin Timberlake bara því að kannski gæti hann gefið mér númerið hjá Ashton Kutcher og ég mundi dansa við hann.

**Þú skrifar handrit að dansmynd, leikstýrir sjálf og leikur aðalhlutverkið. Hvað myndi myndin heita og hvaða leikara fengir þú til að leika á móti þér?** Ég mundi vilja

eitthvað mjög „cheesy“ nafn, Dancing queen eða eitthvað, og fá Jack Black með því hann er snillingur.

**Hverjar eru draumaadstæður þínar sem dansara?**

Að vera aðalhlutverk í dansvikmynd eða söngleik væri ekki leiðinlegt.

**Hvaða skilaboð vilt þú senda ungu fólki sem vill ná langt í dansinum?** Að setja sér markmið og vera ákveðin að fylgja þeim eftir. Svo æfa, æfa, æfa. Sama hvort það er dans eða eitthvað annað, þá skiptir hver æfing máli. En aðalatriðið finnst mér samt bara að hafa ástríðu fyrir því sem maður vill gera.

### ÞÓREY



ÍSLENSKA  
**HAMB  
ORGARA  
FABRIK  
KAN**  
2010



**HÁDEGISTÓNLEIKAR**  
**FABRIKKUNNAVAR**



**HÁDEGISTÓNLEIKAR Á FABRIKKUNNI Í DESEMBER!**

LANDSLIÐ TÓNLISTARMANNA KYNNIR JÓLAPLÖTUR SÍNAR Á FABRIKKUNNI Í HÁDEGINU Í DESEMBER

**TÓNLEIKARNIR HEFJAST KL. 12 Á HÁDEGI OG ER DAGSKRÁIN SEM HÉR SEGIR:**

Mánudagur **3.** desember  
**VALDIMAR GUÐMUNDSSON**

Þriðjudagur **4.** desember  
**BJARTMAR GUÐLAUGSSON**

Miðvikudagur **5.** desember  
**HREIMUR**

Föstudagur **7.** desember  
**ELÍZA NEWMAN**

Mánudagur **10.** desember  
**MAGNI**

Þriðjudagur **11.** desember  
**JET BLACK JOE**

Miðvikudagur **12.** desember  
**FRÍÐRIK DÓR**

Fimmtudagur **13.** desember  
**LÁRA RÚNARS**

Mánudagur **17.** desember  
**MAGNÚS OG JÓHANN**

Þriðjudagur **18.** desember  
**MYRRA RÓS**

Miðvikudagur **19.** desember  
**PÓRUNN ANTONÍA**

Fimmtudagur **20.** desember  
**SVERRIR BERGMANN**

Föstudagur **21.** desember  
**JÓN JÓNSSON**



**BÓKAÐU BORD Í TÆKA TÍÐ Í SÍMA 575 7575  
EÐA Á FABRIKKAN@FABRIKKAN.IS.**

